

## Nýjungar í Sögu

## Eyðublað

## Eyðublað - V-læknisvottorð vegna ferðatrygginga (SFF) #537

SAG-7055

Blaðinu var breytt í samræmi við breytingartillögu frá SFF.

## Forsíða sjúklings (gaPatientCover)

## Mælingar - Lífsmörk og stigun (NEWS)

SAG-7469

'Lífsmörk og súrefni' mælingarnar heita nú 'Lífsmörk og stigun (NEWS)'

Nú er hægt að skrá AVPU gildi sem hluta af lífsmarkaskráningu. Þessi skráning var áður í mat á meðvitund mælingunni.

## Forsíða sjúklings - Lífsmörk og NEWS

SAG-7470

AVPU og NEWS gildum og áhættustigi hefur verið bætt við Hjúkrunaryfirlits- og Lífsmarkakafila í Forsíðu sjúklings.

## Legur (gaADTAdmissions)

## ADT - Legur

SAG-7528

Ekki var hægt að velja herbergi og rúm við að breyta rúmi fyrir dagdeildarsjúkling. Það hefur nú verið lagað.

## Mælingar (gaMeasurements)

## Lífsmörk og mælingar - AVPU mælingar afritaðar úr mat á meðvitund og taugakerfi.

SAG-7487

Allar AVPU mælingar hafa verið afritaðar úr mat á meðvitund og taugakerfi yfir í lífsmörk og stigun (NEWS).

## Mælingar - Mat á meðvitund og taugakerfi og AVPU skráningar.

SAG-7538

Ekki er lengur hægt að sjá AVPU mælingar eða skrá þær í mat á meðvitund og taugakerfi. AVPU mælingar eru nú hluti af lífsmörk og stigun (NEWS).

Eldri AVPU gildi sjást enn undir mat á meðvitund og taugakerfi í textasýn.

## Lífsmörk og mælingar - Stigun (NEWS)

SAG-7468

Nú reiknar kerfið stigun (NEWS) þegar lífsmörk eru skráð. Stigunin og alvarleikinn eru síðan sýnd í lífsmarkatöflunni og lífsmarkalínuritinu.

Stigun er ekki reiknuð fyrir eldri lífsmörk en ef eldri lífsmarkafærslu er breytt reiknast og vistast SBS stig fyrir hana.

## Almennt í Sögu

## Theriak Epd Client stuðningur

SAG-7473

Nú er hægt að opna Theriak Epd Client úr Sögu. Kveikt er á virkninni með stilligildi 182. Theriak Epd þarf að vera uppsett til að hægt sé að ræsa það úr Sögu

## Skel (gaShell)

## Afskrá notanda sjálfkrafa

SAG-7448

Ef Saga er læst og stilligildi 181 er virkt þá afskráist notandinn sjálfkrafa eftir ákveðinn tíma og nýr innskráningargluggi birtist. Gildið er tíminn í mínútum sem er beðið áður en Saga afskráir notandann.

## Textasýn (WPF)

**Ný Textasýn - Lífsmörk og stigun (NEWS)**

SAG-7472

Lífsmörk og stigun (NEWS) er nú sýnt í Ný Textasýn.

**Vefþjónustur (external)****Vefþjónustur - MedicalDataService, Lífsmörk og NEWS**

SAG-7471

Bætt var við gildunum AVPU, NEWS stig og NEWS áhætta í GetLatestVitalAndOxygenMeasurements, GetVitalMeasurements og GetVitalMeasurementsInfo og NewVitalMeasurement.

**Vera (Fyrirspurnalag)****Gagnaveitur VERU í Sögu.Net - Tímabókanir**

SAG-7456

Nú er hægt að stilla Sögu.Net þannig að sjúklingur er búinn til sjálfkrafa í þeim gagnagrunni sem Saga.Net keyrir á móti ef fyrirspurn úr VERU berst fyrir kennitölu sem ekki er til í grunninum. Til að kveikja á þessari virkni þarf að virkja stilligildi 183.

**Vinnulisti (gaWorklist)****Vinnulisti**

SAG-7545

Nú eru kerfiseyðublöð, líkt og Samskiptaseðlar Veru, ekki sýnd í vinnulista.